

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Isavia Innanlandsflugvellir ehf.  
kt. 591219-1380  
Starfsstöð: Egilsstaðaflugvöllur,  
Egilsstaðaflugvelli, 700 Egilsstaðir  
Fastanúmer: 217-6332

Leyfið gildir frá dd. janúar 2023 til dd. janúar 2035

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Alþjóðaflugvöll með eldsneytisafgreiðslu og tilheyrandi mannvirkjum, þ.e. flugstöð, viðgerðaraðstöðu, olíumannvirki o.þ.h.**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

nafn,  
heilbrigðisfulltrúi



**HAUST**

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

# Starfsleyfisskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

**Starfsleyfishafi:** Isavia Innanlandsflugvöllir ehf., kt. 591219-1380  
**Starfsstöð:** Egilsstaðaflugvöllur, Egilsstaðaflugvelli, 700 Egilsstaðir  
**Fastanúmer:** 217-6332

Leyfið gildir frá dd. nóvember 2022 til dd. nóvember 2034

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- Alþjóðaflugvöll með eldsneytisafgreiðslu
- Flugstöðvarbyggingu
- Varaafsstöð
- Tækja- og sandgeymslu
- Viðgerðaaðstöðu eigin véla og tækja
- Æfingaaðstöðu fyrir brunavarnir

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 7. September 2022.

Lög sem um starfsemina gilda eru meðal annars

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi*

Leyfisskyld starfsemi innan starfsstöðvarinnar sem leyfi þetta nær ekki til:

- Innan flugstöðvarinnar er veitingaaðstaða sem er rekin í starfsleyfi annars aðila.
- Innan flugstöðvarinnar er móttaka vegna flutninga og skammtímageymslu matvæla rekin í starfsleyfi annars aðila

Ofangreind leyfi eru útgefin skv. ákvæðum matvælalaga nr. 93/1995 m.s.br.

## 1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda.

---

### 1.1. Flugstöð

Í flugstöðinni eru biðsalir og innritunaraðstaða farþega, snyrtingar, ræstiaðstaða og loftræstikerfi.

Um starfsemina gilda m.a.:

- *Reglugerð 941/2022 um hollustuhætti m.s.br.*
- *Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir samgöngumiðstöðvar, fylgiskjal 1.*

### 1.1.1. Almenningsalerni

Snyrtingar gesta eru á þrem stöðum á n.h. flugstöðvarhússins.

- Í norðurhluta: Snyrting með aðgengi fyrir fatlaða, þrjú salerni kvenna og tvö salerni karla auk þriggja þvagstæða.
- Í miðri byggingu: Snyrting merkt konum og önnur merkt körlum.
- Í suðurenda: Þrjú salerni kvenna og eitt salerni karla og þrjú þvagstæði.

Þegar um millilandaflug er að ræða er norðurhluta flugstöðvar lokað af fyrir millilandafarþega. HAUST hefur samþykkt það fyrirkomulag m.t.t. aðgengis að snyrtingum o.þ.h.

Um starfsemina gilda m.a.:

- *Reglugerð 941/2022 um hollustuhætti m.s.br.*
- *Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir almenningsalerni, fylgiskjal 2.*

### 1.1.2. Ræstiaðstaða og loftræsting

Ræstiaðstaða er á n.h. í norðurhluta flugstöðvarinnar.

Hreinlætisáætlun skal liggja fyrir sem og skráning á þjónustu og viðhaldi loftræstikerfa.

Um starfsemina gilda m.a.:

- *Reglugerð 941/2022 um hollustuhætti m.s.br.*

### 1.2. Verkstæði, varaafstöð og tækjageymslur

Í verkstæðisaðstöðunni er eingöngu heimild til viðhalds og viðgerða á vélum og tækjum fyrirtækisins, en ekki utanaðkomandi tækja.

Í verkstæðinu er viðgerðargryfja án niðurfalls.

Varaafstöð er staðsett í verkstæðinu, afl stöðvarinnar er 250 kVA. Stöðin er knúin með díselolíu.

Um starfsemina gildir m.a.:

- *Reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.*
- *Samræmd almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsing nr. 582/2000 frá Umhverfisráðuneyti. Fylgiskjal 3.*
- *Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir almenn bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur. Fylgiskjal 4.*

### 1.3. Olíumannvirki

Norðan við flughlaðið eru stórir geymar með þotueldsneyti og flugvélabensíni í einni lekavarnapró. Afgreiðsluhús er utan girðingar sem og lausatankar fyrir steinolíu og úrgangsolíu frá sýnatöku. Í afgreiðsluhúsinu eru dælur en í aðskildu rými er rafmagnstafla. Í gegnum afgreiðsluhúsið er eldsneyti dælt úr flutningabifreiðum á tanka og einnig til baka.

Olíubifreið er notuð sem geymir og til að aka olíu nær flughlaði við afgreiðslu á vélar.

Sunnan við flughlaðið eru tveir geymar, annar með flugvélabensíni, hinn með litaðri díselolíu. Frá þessum geymum liggja lagnir ofanjarðar að afgreiðsludælum.

Um starfsemina gildir m.a.:

- *Reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.*
- *Samræmd almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsing nr. 582/2000 frá Umhverfisráðuneyti. Fylgiskjal 3.*

Listi yfir olíumannvirki eru í viðauka.

## 1.4 Æfingasvæði vegna brunavarna

Æfingasvæðið er staðsett NV við flugbrautina innan öryggissvæðis.

Leyfið gildir til æfinga í köldum reykt við bruna í þar til gerðum tanki og slökkviæfinga á brunum.

- Æfingasvæðið skal vera afgirt og ekki aðgengilegt óviðkomandi. Athafnasvæðinu skal haldið snyrtilegu og þess gætt að svæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir sem ekki eru í notkun eða eru starfseminni óviðkomandi.
- Eingöngu er heimilt að nota hreint, ómeðhöndlað timbur til uppkveikju, lítilsháttar af pappa og spónaplötum.
- Við brunaæfingar skal vatnsmagn takmarkað eftir föngum. Sót og mengandi efni sem ekki skolast út úr tankinum skal fanga og flytja til löglegrar förgunar..
- Tilkynna skal Heilbrigðiseftirlitinu strax um mengunarslys sem kunna að verða.
- Þegar starfsemi er lögð niður skal fjarlægja tank, gáma og annan búnað sem tengist æfingunum af og úr jörðu og skilja við svæðið þ.a. sem minnst ummerki starfseminnar verði eftir. Komi í ljós mengun á svæðinu skal starfseymishafi láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf.
- Æfingar skulu einungis fara fram þegar vindátt er hagstæð og vindstyrkur það lítil að reykur valdi ekki óþægindum í nærliggjandi byggð.
- Þegar kveikt er í eldsneyti skal leytast við að nota eins lítið af olíu og komist verður af með. Notuð skal hrein olía, s.s. grillvökvi eða önnur sambærileg olíuefni, við uppkveikju.
- Verði olía notuð til uppkveikju skal geyma hana á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Olíuna skal meðhöndla af varúð og þess vandlega gætt að hún hellist ekki niður eða valdi umhverfisskaða. Um alla notkun og meðhöndlun olíu vísast til ákvæða reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
- Takmarka skal magn vatns til slökkvistarfs eftir föngum þannig að frárennsli verði sem minnst.
- Undir æfingatankinn skal steypt undirlag og skal fráveituvatn leitt um sandsíu til að safna sóti og ösku. Til að hreinsa vatn úr tankinum sjálfum skal einnig leiða það um sandsíu.
- Á staðnum skal vera sorpílat fyrir almennan úrgang og sér ílát eða gámur fyrir ösku. Öllum úrgangi skal farga á viðurkenndan hátt eins fljótt og auðið er og skal hann flokkaður skv. reglum sveitarfélagsins hverju sinni.
- Óheimilt er að spúla tankinn að innan þannig að sótt og mengandi efni geti ekki skolast út úr gámunum.

Um starfsemina gildir m.a.:

- *Samræmd almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsing nr. 582/2000 frá Umhverfisstofnun. Fylgiskjal 3.*

## 2. Mengunarvarnir

---

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofta, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.

### 2.1. Mengunarvarnir fráveitu

#### 2.1.1. Olíuskiljur og sandföng

Fráveitu frá olíudammi í gólfi syðsta hluta verkstæðis er veitt í fráveitukerfi sveitarfélagsins.

Fráveituvatni frá sandfangi og olúskilju á graseyju vestan við flughlað er veitt með sér lögn í kíl við Lagarfliótsbrú.

Þar sem fyllt er á flutningstæki eða dælt á geyma skal vera áfyllingarplan sem tengt er olúskilju.

Olúskilja skal vera á fráveitu þar sem vinna með olíur fer fram áður en lagnir sameinast skólplögn. Sama gildir um þrær eða plön undir olíutanka, einnig úrgangsolíutank. Tryggt skal að aðstæður á vettvangi séu með þeim hætti að auðvelt sé að fylgjast með frárennsli frá olúskilju og taka sýni úr frárennslinu. Allar nýjar olúskiljur skulu útbúnar sjálfvirkum viðvörunarbúnaði og lokunarbúnaði ef olíurými í skiljunni er innan við 150 sinnum nafnstærð skiljunnar. Hönnun og notkun olúskilja skal vera í samræmi við staðla ÍST EN 858 og leiðbeiningar Umhverfisstofnunnar.

Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olúgildru.

Hafa skal reglubundið eftirlit með olúskilju og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Allt eftirlit og þjónusta á mengunarvarnabúnaði skal skráð í gögn um innra eftirlit starfstöðvar.

Olúskiljur og sandskiljur skal hreinsa með reglubundnum hætti af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi. Aðstaða skal vera til að taka sýni af frárennslivatni úr olúskiljum.

### **2.1.2. Fituskilja**

Fituskilja er á fráveitu frá veitingastofu á annarri hæð flugstöðvar. Fráveita frá skiljunni er tengd inn á fráveitukerfi sveitarfélagsins.

### **2.1.3. Sýnataka af fráveituvatni frá olúskilju**

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Prófanir og úttektir skulu vottaðar af viðurkenndum úttektaraðila.

Rekstraraðili skal framkvæma mælingar á frárennslivatni olúskilju reglulega, fyrst innan árs frá útgáfu starfsleyfisins. Tíðni mælinga á fráveituvatni olúskilju skulu ákveðnar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

Rekstraraðili skal framkvæma mælingar á frárennslivatni fituskilju reglulega, fyrst innan árs frá útgáfu starfsleyfisins. Tíðni mælinga á fráveituvatni fituskilju skulu ákveðnar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

Rannsaka skal magn olíu og fitu í fráveituvatninu. Rannsóknaniðurstöður skulu sendar til Heilbrigðiseftirlits Austurlands og einnig skráðar í gögn um innra eftirlit starfstöðvar. Losunarmörk eru að hámarki 15 ppm (mg/L) af olíu í fráveituvatni frá olúskiljunni og 100 mg/L frá fituskiljunni.

Mælist mengun yfir mörkum skal fyrirtækið grípa til ráðstafana til að draga úr menguninni og taka sýni á ný innan 4ra vikna. Þetta skal endurtaka þar til olía og fita í fráveituvatni er innan viðmiðunarmarka.

Nota skal sýnatökuaðila og rannsóknastofu sem Heilbrigðiseftirlit Austurlands samþykkir.

## **2.2. Mengunarvarnabúnaður**

Mengunarvarnabúnaður, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, skal vera tiltækur til að bregðast við minni mengunaróhöppum.

## **3. Skráningar og innra eftirlit**

Rekstraraðili skal halda rekstrarhandbók fyrir starfstöðina sem skal vera aðgengileg fyrir umsjónaraðila starfstöðvar og eftirlitsaðila.

### 3.1. Tæknilegar upplýsingar

Í handbókinni skulu koma fram tæknilegar upplýsingar um helstu mannvirki sem og olúgeyma, olú- og sandskiljur, olúlagnir og lagnakerfi, þ.m.t. fráveitulagnir, mengunarvarnir, slökkvibúnað, útsláttarrofa fyrir dælubúnað og dælu- og rafbúnað.

Halda skal skrá yfir olúgeyma þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram: nafn framleiðanda, staðsetning olúgeymis, olútegun, númer geymis, byggingarár, líftími olúgeymis sé hann uppgefinn, stærð og smíðastaðall. Ennfremur skal skrá tegund yfirfillvarnar og tegund lekaviðvörunar.

Lagnateikning skal vera til staðar með upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslislagna.

### 3.1. Innra eftirlit

Krafa er um að á starfsstöðinni sé virkt og sýnilegt innra eftirlit.

Eftirfarandi skal liggja fyrir og vera aðgengilegt eftirlitsaðila:

- Hreinlætisáætlun og þrifaskráning fyrir flugstöð og snyrtingar.
- Skráning og á þjónustu og viðhaldi loftræstikerfa flugstöðvar.
- Skráningar á eftirliti með og kvittanir vegna tæminga á hreinsikerfum fráveitu (sandföng, olúskiljur og fituskilju).
- Skráningar á rannsóknaniðurstöðum á fráveituvatni frá olúskiljum og fituskilju.
- Kvittanir eða dagbókarfærslur vegna skila á hvers konar spilliefnum.
- Skráningar og rekstrarhandbækur vegna reksturs olúmannvirkja og geyma skv. reglugerð 884/2017.
- Skráningar á prófunum á sjálfvirkum mengunarvarnabúnaði svo sem yfirfillingarviðvörun á olúskilju.
- Skráningar á mengunarslysum og viðbrögð við þeim.
- Kvartanaskráning.

Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.

## 4. Annað sem varðar starfsemina

---

### 4.1. Skólpi

Skólpi og affalli frá hitaveitu er veitt inn á fráveitu sveitarfélagsins.

Um fráveitur gilda m.a.

- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólpi*

### 4.2. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

Um úrgang gilda m.a.:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

### 4.3. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt. Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og lóð sé haldið snyrtilegu.

Bifreiðum, tækjum, lausamunum og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði starfstöðvar þannig að ekki valdi slyshættu.

Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.

#### 4.4. Vatnsveita

Neysluvatn er frá vatnsveitu Hitaveitu Egilsstaða og Fella.

Um neysluvatn gilda:

- *Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.*
- *Reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti*

### 5. Mengunaróhapp

---

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

### 6. Starfsemi hætt

---

Verði rekstri hætt skal tilkynna Heilbrigðiseftirliti Austurlands skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Fjarlægja skal geyma, lagnir og annan búnað sem tengist starfseminni af og úr jörðu og skilja við svæðið þannig að sem minnst ummerki verði eftir í samræmi við fyrirfram gerða áætlun sem skal liggja hjá Heilbrigðiseftirlitinu og öðrum hlutaðeigandi. Komi í ljós mengun í jarðvegi skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf, og sjá til þess að úrgangi sé fargað á viðkenndan hátt. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið. Niðurrif olúgeyma, olúskilja og lagna er byggingaleyfisskylt.

Heilbrigðisnefnd getur, ef ríkar ástæður krefja, heimilað að gengið sé frá olúgeymum á staðnum, ásamt lögnum tengdum, í samræmi við fyrirmæli heilbrigðiseftirlits.

dd. mmm yyyy  
Virðingarfyllst,  
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

nafn,  
heilbrigðisfulltrúi



**HAUST**

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

## Viðauki –

Með endurskoðuðu starfsleyfi Isavia Innanlandsflugvöllir ehf , kt. 591219-1380  
fyrir Egilsstaðaflugvöll

Yfirlit yfir búnað og efnavöru

DRÖG

## 1. Mengunarvarnir fráveitu

Fitugildra.		Fitugildra er tengd inn á fráveitu frá eldhúsi veitingaaðstöðu og er staðsett norðan við flugstöðina. Í ræstirými á n.h. er skynjari fyrir magn fitu í fituskilju.
Á graseyju vestan við flughlað		
<b>Sandfang</b> Unisep, brunnur frá 2014	3.200 l rúmtak	Skiljurnar þjóna flughlaði og megninu af verkstæðisgólfum, regnvatni frá norðurenda flugbrautar, eldsneytisafgreiðslu af tönkum syðst á flughlaði, fráveitu frá lekavarnaþró um olíutanka norðan við flughlaðið og áfyllinga- og afgreiðsluplan geyma norðan við flughlaðið.
<b>Olíuskilja</b> , týpa II, Unisep þiljuskilja frá 2014	Olíurýmd 435 l. Botnfallsrýmd 700 l. Hámarks rennsli 400 l/sek. Sýnatökubrunnur er aftan við skiljuna Yfirfyllivörn er á skiljunni	Loki er á fráveitulögn neðan skiljanna þannig að unnt er að loka ef til stórs mengunaróhapps kemur. Lagnakerfið og lægð í landinu halda þá eftir olíu.
Gömul <b>olíuskilja</b> frá 1991		Steypt skilja aftan við nýju hreinsivirkin. Tengt framhjá henni og hún því aflögð.
<b>Olíudammur</b> í syðsta verkstæðishúsinu		Sjálfrennsli í gegnum damminn, en olía flýtur ofan á. Þjónar eingöngu geymsluaðstöðu fyrir vélar og tæki.

## 2. Eldsneyti og olúgeymar

Norðan við flughlað				Aths.
Flugbensín. Jet A1 syðst	Tankur nr. 1 25 m <sup>3</sup> geymir. Smíðaár 1982. Framl. Eyjólfur Ágústsson Tómur	Þrjár einfaldir stálgeymar, Standa allir á steyptri lekaþró með jarðvegsbotni. Fráveita í olíuskilju við flughlað.	Tankar í eigu Skeljungs. Allir með yfirfyllivörn skv. uppl. frá Skeljungi 11.5.2018	Fullnægjandi merkiplötur vantar á þessa þrjá tanka.
Potueldsneyti. Í miðju	Tankur nr. 2 28 m <sup>3</sup> geymir. Smíðarár 1967. Framl. Eyjólfur Ágústsson  Í bið			
Potueldsneyti. Nyrst	Tankur nr. 3 24 m <sup>3</sup> geymir. Smíðaár 1972. Framl. Eyjólfur Ágústsson Í notkun. Jet A-1			
Afgreiðsluhús	Dælistöð	Afrennsli í lekaþró undir geymum		
Steinolíutankur	1.300 l Framl. Kingsplan Miljöcontainere AS DK	Plasttankur. Stendur austan við afgreiðsluhús.		
		Geymir fyrir olíusýni sem hafa verið tekin til að kanna vatnsmagn í flugvélabensíni		
Olíubifreið	8.000 l geymir			Olíubifreið á að standa á bundnu slitlagi með niðurföllum tengdum olíuskilju

<b>Sunnan við flughlað</b>				
Flugvélabensín	Tankur nr. 4 20.000 l. Smíðaár 2006. Framl. CGH International S.A. AVGAS	Tvöfaldur stáltankur. Sjálfsafgreiðsla á dælu vestan við áflyllipúlt	Í eigu Skeljungs. Með yfiryfyllivörn skv. upp. frá Skeljungi 11.5.2018.	Merkiplötu vantar Áfyllingarplan er ekki tengt olíuskilju
Hráolíugeymir	20 m <sup>3</sup> Smíðaár 2020. Framl. CGH Polska	Tvöfaldur tankur. Sjálfsafgreiðsla á dælu austan við áflyllipúlt.	Í eigu Isavia.	Áfyllingarplan er ekki tengt olíuskilju
<b>Í verkstæðisaðstöðu</b>				
Díselgeymir í verkstæði ISAVIA	1.500 l	Geymir er tengdur 250 kVA varaafsstöð		
Úrgangsolíugeymir	Ca. 1500 l			Yfiryfyllivörn vantar
Dammur í gólfi syðsta hluta verkstæðis				